

Siðareglur

Gefið af Kerfisstjóri
föstudagur, 23 febrúar 2007

Siðareglur Skotvís

Félagar í Skotveiðifélagi Íslands eru samþykktir eftirfarandi skilgreiningu á skotveiðum sem útilífsíþrótt.

Skotveiðimaður stundar veiði á villibráð sér til ánægju og heilsubótar. Hann virðir landslög og vegna byssunnar ber hann sérstaka ábyrgð gagnvart samborgurum sínum og lífríki landsins í heild. Þess vegna temur hann sér eftirfarandi siðareglur.

Skotveiðimaður:

- 1. Eykur stöðugt þekkingu sína á skotveiðum. Hér er m.a. átt við:
 - lög og reglur um veiðar
 - bráðina og lífnaðarhætti hennar
 - útlit og útbreiðslu friðaðra fugla
 - verndun veiðidýrastofna og skynsamlega nýtingu þeirra
 - eiginleika veiðivopna og skotfæra og annmarka þeirra.

- 2. Æfir skotfimi.
 - Skotveiðimaður þarfnast stöðugrar æfingar hvort heldur hann ætlar að skjóta kyrrstæða bráð eða fugl á flugi.
 - Notaðu hvert tækifæri til markæfinga bæði á kyrrstæð mörk og leirdúfum.
 - Leggðu sérstaka áherslu á að þjálfra fjarlægðaskyn þitt.

- 3. Gætir fyllsta öryggis í meðferð skotvopna.
 - Ávallt skal meðhöndla skotvopn sem hlaðið væri.
 - - Beindu aldrei hlaupinu að neinum.
 - - Notaðu aldrei byssuna sem barefli eða göngustaf.
 - - Leggðu aldrei byssuna þannig að hún geti dottið.
 - - Geymdu byssu og skotfæri tryggilega.

- Byssu skal ekki hlaða fyrr en veiðimaður er reiðubúinn að skjóta. taktu skotin úr byssunni þegar:
 - - þú ferð inn í bíl eða annað faratæki.
 - - þú færir þig að ráði um set.
 - - þú átt leið um hálfu.
 - - þú ferð yfir girðingar eða torleiði.
 - - þú leggur byssuna frá þér.

- Gengið skal úr skugga um að ekkert beri á þegar miðað er og skotið á bráðina.

- -Gáðu að veiðifélögunum.
- -Gættu þess að fólk, búpeningur og faratæki, hús eða önnur mannvirki séu ekki í hættu fyrir skotinu.
- -Gættu þess að skotið getur hrokkið af grjóti, frosnum sverði eða vatnsfleti.
- -Sé þess kostur hagaðu svo til að bráðin beri í holt eða hæð, sem tekur geti við skotinu ef það stöðvast ekki í bráðinni

- Veiðimaður losar ekki öryggi af byssu og skýtur fyrr en hann hefur fullvissað sig um að skotmarkið sé það sem hann ætlar að skjóta á.
- Veiðimaður skal ekki snerta byssu ef hann er undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa.

- 4. Beitir ekki veiðiaðferðum sem veitir bráðinni óþarfa kvölum.
 - a) Skot á að deyða bráðina á augabragði. Til þess að komast hjá því að særa dýr skaltu gæta þess að:
 - skjóta ekki af of löngu færi
 - ekkert beri milli þín og bráðarinnar
 - skjóta ekki nema yfirgnæfandi líkur séu að því að hitta vel.
 - Sært veiðidýr skal aflífa hið skjótasta. Finnist dýrir ekki á skotastað skal einskis látið ófreistað að leita það uppi.

-
- 5. Telur fjölda veiddra dýra ekki mælikvarða á góðan veiðimann, eða vel heppnaðan veiðidag.
 - Góður veiðimaður stærir sig ekki af feng sínum og keppir ekki við aðra um fjölda veiddra dýra.
 - Þá er veiðidagur góður þegar hóflega er veitt, með talsverðri líkamlegri áreynslu, vakandi náttúruskyni og sært dýr liggur ekki eftir að kveldi.

- 6. Fer vel með veiðibráð.

- Farðu vel með feng þinn og spilltu honum ekki

- Vandaðu aðgerð og tilreiðslu bráðar.

- 7. Færir veiðibækur af kostgæfni og tekur virkan þátt í verndun veiðidýra.

- Færa ber veiðibækur og halda þeim til haga. Veiðiskýrslur eru þýðingarmikil gögn við rannsóknir á veiðidýrum.

- Veiðimaður ætti að leggja sitt af mörkum í baráttu gegn brotum á veiðilöggjöfinni.

- 8. Er góður veiðifélagi.

- Góður veiðifélagi skýtur ekki þegar félagi hans á von á betra færi.

- Góður veiðimaður hjápar féлага sínum að sækja feng og leita uppi særða bráð.

- 9. Sýnir öðrum veiðimönnum háttvísi.

- Er fús að veita upplýsingar um veiðarnar, sem gætu orðið þeim að gagni.

- Hefur samráð við þá um nýtingu veiðisvæðisins.

- 10. Virðir rétt landeiganda.

- Veiðimaður leita heimildar landeiganda til veiða og ráðfærir sig við hann.

- Veiðimaður fer með gát um ræktuð lönd, skemmir ekki girðingar og lokar hliðum á eftir sér.

- 11. Sýnir almenningi tillitssemi.

- Hafa ber í huga að margur er lítt hrifinn af skotveiðum og fellur illa að sjá dauð dýr.

- Veiddu því ekki nærri fjölförnum vegum eða í grennd við mannabústaði.

- Vertu vingjarnlegur við þá sem þú hittir í veiðiferðum.

- Forðast að flytja feng þannig að til ama geti orðið fyrir aðra.

- 12. Gengur vel um landið.

- Góður
veiðimaður gerir greinarmun á bráð og öðrum dýrum þótt skjóta megi.
Bráð er veidd, vargi er eytt, en önnur dýr látin í friði.
- Veiðimaður spillir hvergi landi. Þess gætir hann við akstur, í tjaldstað og við meðferð elds.
- Góður veiðimaður skilur ekki annað eftir sig en sporin sín.